

**Nd. 223. Nefndarálit**

um frv. til l. um skólakerfi og fræðsluskyldu.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt þetta frv. ýtarlega og mælir með samþykkt þess með eftirfarandi breytingum.

Einn nefndarmanna, Páll Þorsteinsson, áskilur sér rétt til að flytja og fylgja frekari breytingartillögum.

**BREYTINGARTILLÖGUR.**

1. Við 4. gr.
  - a. 1. másl. 4. málsg. orðist svo:

Gagnfræðaskólar í kaupstöðum eru fjögurra ára skólar. Gagnfræðaskólar í sveitum veita aðeins tveggja ára fræðslu að loknu unglingaprófi. Þó er fræðslumálastjórn heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef forráðamenn gagnfræðaskóla óska þess.
  - b. Í stað orðanna „til starfs við ýmsar opinberar stofnanir“ í 4. málsg. komi: til starfs við opinberar stofnanir, eftir því sem lög og reglugerðir ákveða.
2. Á eftir 10. gr. komi ný gr., 11. gr., svo hljóðandi:

Lög þessi taka þegar gildi og skulu koma til framkvæmda á árunum 1946—1952 eftir því sem fræðslumálastjórn ákveður í samráði við hlutaðeigandi fræðsluráð.

Alþingi, 26. nóv. 1945.

Sigfús Sigurhjartarson,  
form.

Gunnar Thoroddsen,  
fundaskr., frsm.

Páll Þorsteinsson,  
með fyrirvara.

Barði Guðmundsson.

Sigurður Bjarnason.